

## Áfangalýsing

**Heiti áfanga:** SÆNS2BB05

Kennt er á sænsku.

**Undanfarar:** Nemendur þurfa að hafa lokið SÆNS2AA05.

Áfanginn er undanfari fyrir SÆNS3CC05.

Sú undirstöðukunnátta sem nemandi þarf að hafa til að geta stundað námið í sænsku felst í að hann

- skilji vel allt almennt tal á sænsku
- geti lesið og skilið almenna sænska texta
- geti tjáð sig munnlega á sænsku um flest almenn efni
- geti tjáð sig skriflega um flest almenn efni á nokkurn veginn réttu máli.

Þessi lágmarkskunnátta er nauðsynleg til þess að nemendur geti nýtt sér það sænskunám sem í boði er fyrir þennan nemendahóp.

**Stutt lýsing á efni áfangans:** Nemendur eru þjálfaðir áfram í færniþáttunum fjórum: hlustun, lestri, tali og ritun. Lögð er áhersla á að auka og byggja upp orðaforða nemenda. Stefnt er að því að auka orðaforða nemenda og að þeir geti tjáð hugsun sína og rökstutt mál sitt bæði munnlega og skriflega. Í þeim tilgangi eru notaðir textar sem fjalla um fjölbreytileg atriði í nútímaþjóðfélagi, sænskt samfélag kynnt, lesnir bókmenntatextar með kynningu á höfundum. Nemendur lesa tvær skáldsögur og skrifa bókmenntaritgerðir um þær í tíma.

Nemendur eru hvattir til sjálfstæðra vinnubragða og til að bera ábyrgð á eigin námi.

**Námsmat:** Námsmat í SÆNS2BB05 byggist á bókmenntaritgerðum, hlutaprófi og lokaprófi.

Målet med gymnasieundervisningen i svenska är:

- att förbättra elevernas språkliga kompetens genom att öka deras ordförråd genom diverse övningar och läsning av olika texttyper
- öva grammatiska strukturer
- utvidga deras förmåga till att uttrycka sig både muntligt och skriftligt
- att ge eleverna närmare insikt i svensk litteratur och svenska språkets utveckling i det svenska samhället i dag och i dess historia
- en strävan efter att vidmakthålla och bygga ut elevernas kunskaper de skaffat sig i Sverige och göra dem beredda att i framtiden verka i ett nordiskt samhälle